

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (GÞÞ, BJJ, PHB, ÍGP, GHj).

1. Við 5. gr. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:
Stjórn Íbúðalánasjóðs skal eftir því sem kostur er, og að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við aðila á markaði um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra.
2. Við 10. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
Fyrsti vaxtadagur ÍLS-veðbréfs er fimm dögum eftir að bréfið er tilbúið til afhendingar hjá Íbúðalánasjóði. Frá og með þeim degi greiðir sjóðurinn út höfuðstól keypts ÍLS-veðbréfs án vaxta og verðbóta og að frádregnu lántökugjaldi.
3. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað dagsetningarinnar „15. apríl 2004“ komi: 5. maí 2004 eða þá þegar er löggin hafa verið birt.